

Gjaldskrárbreytingar

Við samþykkt fjárhagsáætlun-
ar Kópavogs fyrir 2017 voru
gerðar breytingar á gjaldskrá
fyrir mötuneyti og dæg-
radvalir. Mánaðargjald í
mötuneyti frá 1. janúar er kr.
8.975 (456 kr. máltíðin) og
grunn gjald í dægradvöl er
7332 krónur fyrir 20 tíma
vistun. Gjaldskrána má
nálgast á heimasíðu skólans
eða beint á slóðinni:

[http://www.horðuvallaskoli.is/
media/frettabref/
gjaldskra_2017.pdf](http://www.horðuvallaskoli.is/media/frettabref/gjaldskra_2017.pdf)

Kæra skólasamfélag

Skólastarfið er nú komið í gang á nýjan leik að loknu fríi og nýtt ár framundan með spennandi verkefnum og áskorunum eins og alltaf. Meðal verkefna ársins er að ljúka stefnumótun fyrir skólann og útfæra stefnuna okkar og í framhaldinu endurskoða ýmsa ferla og áætlanir sem tilheyra skólanámskránni. Þá mætum við áskorunum sem fylgja enn frekari fjölgun nemenda en ljóst er að nemendafjöldinn fer vel yfir 900 næsta haust. Til að aðstoða okkur við að rýna í möguleika sem kunna að felast í auknu samstarfi starfsfólks, breytttri notkun húsnæðis o.fl. höfum við fengið Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Tekur hann rýnihópavíðtöl við starfsfólk og vinnur punkta fyrir okkur til að styðjast við í framhaldinu. Að auki er svo skólinn okkar meðal þeirra skóla sem dregnir voru út til að fara í svokallað ytra mat á vegum menntamálaráðuneytisins núna í vor. Það þýðir að matsteymi mun koma í heimsókn, leggja mat á hin ýmsu gögn og fara í vettvangsskoðanir hjá okkur. Mun þessi vinna án efa gefa okkur ýmsar ábendingar og leiðbeiningar til að styðjast við því að glöggt er jú gests augað. Núna í janúar heldur hins vegar lífið áfram sinn vanagang og ber þar hæst afhendingu einkunna þann 20. janúar og svo viðtalsdaginn í vikunni þar á eftir. Nemendur fá hefðbundna vitnisburði nema í 10. bekk þar sem námsmat er orðið með breyttu sniði í samræmi við ákvæði nýrrar aðalnámskrár. Með óskum um gleðilegt ár og bestu þökkum fyrir samstarfið á liðna árinu.

Ágúst Jakobsson, skólastjóri



Meistaramót Kópavogs í skák 2016

Hið árlega meistaramót Kópavogs í skák var haldið fyrir áramótin og þar áttum við í Hörðuvallaskóla samtals 6 sveitir í keppninni. Nemendur okkar stóðu sig að venju vel. Í 1. bekk varð sveit okkar í öðru sæti, í 2.-3. bekk lenti A sveit okkar í öðru sæti, í 3.-4. bekk lentum við í 3. sæti og í 5.-7. bekk lenti okkar sveit í 6. sæti. Á unglिंगastiginu vann sveit Hörðuvallaskóla hins vegar yfirburðasigur með fullt hús stiga, vann allar skákir sínar 28 að tölu. Með sama áframhaldi verður vart annað séð en að liðið muni halda áfram óslitinni sigurgöngu sinni á innlendum skákmótum í náinni framtíð. Einkum þegar þess er gætt að liðsmenn sveitarinnar eru á fyrsta ári á unglिंगastigi og eiga því eftir þrjú ár í grunnskóla. Einbeittur sigurvilji og óbilandi keppnisharka hefur fleytt þeim í fremstu röð sem ein sigursælasta skáksveit sem fram hefur komið í

íslenskri skólaskák. Vignir Vatnar Stefánsson fyrirliði sveitarinnar er nú þegar kominn í hóp bestu skákmanna þjóðarinnar aðeins 13 ára gamall. Hann er með snjöllustu skákmönnum í Evrópu meðal jafnaldra sinna og þegar kominn með yfir 2400 Eló-stig. Til hamingju með glæsilegan árangur, skákkfólk Hörðuvallaskóla!

Kynningarfundur fyrir foreldra 10. bekkjar um námsmat

Í vor fá nemendur 10. bekkjar lokamat úr grunnskóla með hliðsjón af hæfnivíðmiðum aðalnámskrár. Þar er um að ræða svokallaðar hæfnieinkunnir sem eru birtar með bókstöfunum A, B+, B, C+, C og D. Þar sem um töluverða breytingu er að ræða frá því námsmati sem nemendur í 10. bekk og foreldrar þeirra hafa hingað til séð, boðum við til kynningarfundar með foreldrum 10. bekkinga þriðjudaginn 17. janúar kl. 18:00 í sal skólans í Baugakór. Nemendur fá sambærilega kynningu á námsmatinu á

Heilahristingur - heimanámsaðstoð

Nú er liðið ár frá því að heimanámsaðstoð fyrir nemendur hófst á aðalsafni Bókasafns Kópavogs. Árið hefur gengið vel og mörg börn og unglingar komið og nýtt sér þessa ókeypis þjónustu sem safnið býður, en menntaður grunnskólakennari hefur sinnt aðstoðinni. Sú nýbreytni verður á árinu 2017 að heimanámsaðstoðin verður framvegis í samstarfi við Kópavogsdeild Rauða krossins á Íslandi sem mun leggja til sjálfboðaliða ef þörf krefur. Einnig hefur verið tekin ákvörðun um að til að koma enn frekar til móts við nemendur sem vilja aðstoð við heimanám og á sama tíma bæta þjónustuna í fleiri hverfum bæjarins mun safnið nú einnig bjóða heimanámsaðstoðina í útbúi þess Lindasafni í Núpallind 7. Þar verður heimanámsaðstoðin einu sinni í viku á fimmtudögum kl. 14:30-16:30 í vetur. Nemendur mæta með heimalærdóm og verður kennari á staðnum nemendum til aðstoðar. Nemendur þurfa ekki að skrá sig í heimanámsaðstoðina, hún kostar ekkert og það er engin mætingarskylda. Hún hefst fimmtudaginn 26. janúar. Heimanámsaðstoðin verður áfram á aðalsafni einu sinni í viku á þriðjudögum kl. 14:30-16:30.



Semsagt: Heimanámsaðstoð á aðalsafni á þriðjudögum en Lindasafni á fimmtudögum kl. 14:30-16:30.

Nánari upplýsingar veitir Ágústa Bárðardóttir, umsjónarmaður heimanámsaðstoðar og kennari, agustab@kopavogur.is

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
1.	2. Frí - Dægradvöl opin	3. Skipulagsdagur Dægradvöl lokað	4. Hrisgrjónagrautur með kanilsykri, rúsínum, lifrarpylsu og blóðmör. Ávextir.	5. Ýsa í raspi m/ soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir.	6. Matarmikil íslensk kjötsúpa m/ lambagúllasi og grænmeti. Ávextir. Þrettándinn	7.
8.	9. Gufusöðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	10. Rjómalöguð aspassúpa m/ brauði og áleggi. Ávextir. Annaskil - síðasti dagur haustanna	11. Píta með skinku, grænmeti og pítusósu. Ávextir. Annaskil - fyrsti dagur voranna	12. Þorskur í KFC hjúpi m/ soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir.	13. Nautahakk og heilheiti-pastaskrúfur í rauðri sósu. Salatbar og ávextir.	14.
15.	16. Ýsa í orly m/ brúnum hrisgrjónum og súr-sætri sósu. Salatbar og ávextir.	17. Sænskar hakkbollur m/ kartöflum, brúnni sósu og týtuberjasultu. Salatbar og ávextir.	18. Heitur pastaréttur m/ heilheitiskrúfum, beikoni, grænmeti og ostasósu. Ávextir.	19. Fiskur dagsins m/ soðnum kartöflum og sósu. Salatbar og ávextir	20. Lambasnitsef m/ bernaisesósu og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. Afhending einkunna	21.
22.	23. Fiskibollur m/ brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabarbarasultu. Salatbar og ávextir.	24. VIÐTALSDAGUR	25. Matarmikil ítölsk grænmetissúpa m/heilheitipasta og brauði. Ávextir.	26. Heimalagaður ofnbakaður fiskur í karrysósu m/ brúnum hrisgrjónum. Salatbar og ávextir.	27. Lasagna með grófu snittubrauði. Salatbar og ávextir	28.
29.	30. Heimalagaður plokfiskur m/ rúg-brauði. Salatbar og ávextir. 7.b. fer í skólalúðir	31. Grísagúllas í karrykókos-mangósósu m/ brúnum hrisgrjónum. Salatbar og ávextir.	Foreldrar í 10. bekk munið - kynningarfundur um breytt námsmat með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár Þriðjudaginn 17. janúar kl. 18:00 í sal skólans í Baugakór			


Muna:

- **Viðtalsdagur 24. janúar, opnað verður fyrir skráningu í viðtöl í vikunni á undan.**
- **Hnetulaus skóli - engar hnetur í nesti eða matvæli sem innihalda hnetur!**

Útivistartíminn frá 1. september: Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.